



Félag háskólakennara

Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2017 - 2018

Hlutverk félagsins er skilgreint í lögum þess, en það er að bæta starfsaðstöðu félagsmanna, vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna, vera í fyrirsvari félagsmanna gagnvart skyldum og innlendum og erlendum félagssamtökum. Einnig að stuðla að samstöðu félagsmanna og efla kynni þeirra og að lokum að efla skilning alþjóðar á þeim málum er horfa til framfara fyrir Háskóla Íslands. Stjórnin telur skýrsluna endurspeglja þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna

Fjöldi félagsmanna í Félagi háskólakennara voru um 1.080 þann 1. október 2017. Þar af starfa tæplega 1.000 manns innan veggja Háskóla Íslands. Af þeim eru 155 í störfum dósentar, 145 í störfum lektora, 120 í störfum aðjúnkta I og II, um 25 í störfum vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga og 290 er sinna stjórnarsýslustörfum. Doktorsnemar/meistararnemar eru tæplega 120, nýdoktorar tæplega 50 og tæplega 90 starfa í rannsóknartengdum störfum. Þá er fjöldi félagsmanna starfandi á Landsbókasafni samtals um 25, á Raunvísindastofnun 25, samtals 25 starfandi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og 8 á Tilraunastöðinni að Keldum.

Stjórn

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2017 – 2018 skipuðu eftirfarandi:

Michael Dal, formaður (dósent)

Baldvin M. Zarióh, varaformaður (stjórnsýsla),
Berglind Eva Benediktsdóttir, meðstjórnandi (dósent),
Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (bókasafn),
Helgi D. Áss Grétarsson, meðstjórnandi (dósent),
Hulda Þórisdóttir, ritari (dósent)
Íris Davíðsdóttir, meðstjórnandi (stjórnsýsla).

Á starfsárinu voru samtals 12 stjórnarfundir auk samráðsnefndarfunda og annarra funda.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurendi 2. hæð.

Trúnaðarstörf

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Baldvin Zarióh kosinn varaformaður félagsins, Hulda Þórisdóttir ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi er Berglind Eva Benediktsdóttir og varamaður er Íris Davíðsdóttir. Í siðanefnd HÍ var skipaður fyrir hönd félagsins, Henry Alexander Henrysson.

Skoðunarmenn félagsins eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2017 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru tæplega tuttugu að tölu. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa. Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf til í því verkefni.

Kjaramál

Gildistími kjarasamnings félagsins annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar, sem skrifað var undir þann 16. nóvember 2015, gildir frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

Á starfsárinu var stofnanasamningur Félags háskólakennara annars vegar og Háskóli Íslands hins vegar endurskoðaður og uppfærður með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á samningum frá árinu 2014. Samningurinn var undirritaður 15. desember 2017 og birtist strax á heimasíðu félagsins.

Starfsárið, störf stjórnar

Á starfsárinu hefur stjórn félagsins unnið að og tekið fyrir ýmis mál og málefni. Þau helstu eru talin upp hér:

- ***Akademískir starfsmenn í eitt stéttarfélag***

Á félagsfundi Félags háskólakennara þann 16. júní 2017 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „*Stjórn er heimilt að skuldbinda félagið allt að fjórum milljónum íslenskra króna vegna kostnaðar við gerð álitserðar um mögulega sameiningu akademískra starfsmanna í eitt stéttarfélag*“. Fyrir lágu þrjú tilboð sem félaginu höfðu borist vegna úttekta á einu akademísku félagi. Í kjölfar samþykktar félagsfundarins ákvað stjórn að taka tilboði Gísla Tryggvasonar hdl. og var samningur þess efnis undirritaður þann 29. júní 2017.

Verkið varð tímafrekara en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir en Gísli hefur upplýst stjórnina reglulega um gang verkefnisins og meðal annars komið tvisvar sinnum á stjórnafundi til upplýsingagjafa. Úttekt Gísla mun liggja fyrir á næstu vikum og áætlað er að hún verði kynnt á félagsfundi í september næstkomandi.

- ***Höfundarréttarmál bréf til rektors 29. maí 2017***

Félag háskólakennara beindi erindi sínu til rektors HÍ með bréfi, þann 3. mars 2017, vegna höfundarréttar kennara. Svar barst frá rektor þann 29. maí 2017, þar sem fram kom að starfshópur yrði settur á fót vegna málsins. Helgi Áss Grétarsson hefur setið í starfshópnum fyrir hönd félagsins í vetur. Hópurinn stóð m.a. fyrir könnun á meðal kennara við HÍ um efnið ásamt því að leita eftir upplýsingum frá norðurlöndum um málið. Niðurstöður hópsins munu liggja fyrir á næstu dögum.

- ***Lagabreytingarnefnd Félags háskólakennara***

Á aðalfundi Félags háskólakennara 2017 var samþykkt að skipta nefnd til að endurskoða lög félagsins í heild sinni. Í nefndina völdust Baldvin Zarióh, Íris Davíðsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Nefndin skilaði af sér tillögum sem voru kynntar og samþykktar á stjórnarfundi í byrjun apríl. Ákveðið var að bera þær undir aðalfund félagsins samkvæmt lögum þess.

- **Trúnaðarmannakerfi Félags háskólakennara**

Stjórn Félags háskólakennara hefur ákveðið að beina erindi til Kjara- og réttindanefndar BHM með tillögum um að virkja trúnaðarmannakerfi félagsins, sem gætu nýst hjá öðrum aðildarfélögum BHM. Trúnaðarmenn félagsins eru of fáir miðað við fjölda félagsmanna á vinnusvæðum.

- **Háskólahópur um könnun**

Ákveðið var að Félag háskólakennara tæki þátt í kjarakönnun á meðal akademískra starfsmanna er starfa við HÍ,HR, HA, háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Könnunin er unnin af fyrirtækinu Maskínu að tilstuðlan BHM, Félags háskólakennara, Félags prófessora við ríkisháskóla, Félags háskólakennara á Akureyri og Félags akademískra starfsmanna HR.

- **Umsögn Félags háskólakennara um drög að jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2018 – 2020**

Á fundi háskólaráðs þann 1. mars sl. var óskað eftir umsögn félagsins vegna jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands. Félagið skilaði umsögn sinni þann 20. mars síðastliðinn.

- **Vinumatskerfi**

Félag háskólakennara hefur lýst sig reiðubúið til að taka þátt í þeirri endurskoðun á vinnumatskerfinu sem nú á sér stað, með hagsmuni akademískra félagsmanna að leiðarljósi.

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara

Í bókun 4 um Starfsþróunarsjóð Félags háskólakennara, með núgildandi kjarasamningi segir að samningsaðilar muni fyrir árslok 2017 meta hvernig til hefur tekist með sjóðinn og grípa til þeirra aðgerða sem ráðlegar þykja. Þann 17. nóvember sl. áttu fulltrúar stjórnar félagsins fund með samninganefnd ríkisins til að ræða fjármögnun sjóðsins til framtíðar.

Niðurstaða fundarins var að frá og með 1. janúar 2018 muni 0,7% af heildarlaunum félagsmanna renna til sjóðsins og því er fjármögnun hans tryggð til framtíðar. Fjármögnun Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH) er því eins og hjá sambærilegum sjóðum s.s. Starfsþróunarsetri BHM og Starfsþróunarsjóði prófessora.

Á fyrsta starfsári sjóðsins, árið 2017 – 2018, bárust 107 umsóknir. Af þeim voru 97 samþykktar, 10 var hafnað eða umsóknir dregnar til baka. Dreifing styrkjanna er með þeim hætti að 24% eru vegna skólagjalda, 11% vegna námskeiðsgjalda, 12% vegna ráðstefnugjalda, 2% vegna námsferða, 28% vegna kostnaðar við flug og 23% vegna hótélkostnaðar.

Flestir umsækjendur starfa við HÍ eða 90%, þarf af eru 43% akademískir starfsmenn, 32% starfsmenn í stjórnarsýslustörfum og 23% eru nemar og rannsóknarmenn. Aðrir umsækjendur, 10%, starfa hjá Landsbókasafni-háskólabókasafni, Raunvísindastofun og Árnastofnun.

Allar upplýsingar um sjóðinn ásamt rafrænu umsóknareyðublaði er hægt að finna á heimasíðu félagsins.

Samráðsnefnd Félags háskólakennara og HÍ í kjaramálum

Á vettvangi samráðsnefndar félagsins og HÍ hefur auk kjaramála og endurskoðunar stofnanasamningsins m.a. verið fjallað um fjármál HÍ, reglur vinnumatssjóðs, breytingar á verklagsreglum námsleyfa stjórnarsýslufólks og launamál.

BHM

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Formaður félagsins, Michael Dal, var kosinn í stjórn Bandalags háskólamanna frá aðalfundi bandalagsins árið 2014. Michael hefur starfað sem gjaldkeri bandalagsins. Á aðalfundi bandalagsins þann 8. maí síðastliðinn var Michael kosinn varaformaður þess.

Formannaráðsfundur BHM: Baldvin Zarióh er aðalmaður Félags háskólakennara í formannaráði BHM. Berglind Eva Benediktsdóttir er varamaður. Michael Dal situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Orlofssjóður BHM: Baldvin Zarióh var kosinn í stjórn orlofssjóðs BHM fyrir hönd félagsins í apríl 2016.

Styrktarsjóður BHM: Ragna Steinarsdóttir situr sem fulltrúi félagsins í stjórn Styrktarsjóðs BHM og hefur verið formaður sjóðsins síðastliðin starfsár.

Jafnréttisnefnd BHM: Berglind Rós Magnúsdóttir hefur setið í Jafnréttisnefnd BHM fyrir hönd félagsins.

Sextíu ára afmælisnefnd BHM: Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri situr í afmælisnefnd fyrir hönd félagsins.

Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

Erlent samstarf

Síðastliðin ár hafa norræn kennarafélög skipst á að halda sameiginlega ráðstefnu í maí/júní ár hvert. Fundurinn verður haldinn í ár í Finnlandi og þar verður m.a. rætt um „Styrning av universitet och personalens ställning“ og „Våren 2018 Strejk och blokad“, ásamt launamun milli landanna og kjara- og réttindamál almennt.

Lokaorð

Á þessu starfsári hefur verið hugað að innri málum félagsins. Unnið hefur verið að skýrslu um hvaða möguleikar eru til þess að sameina akademíska starfsmenn í eitt stéttarfélag. Í skýrslunni er m.a. fjallað um málefni sem varðar fjárhagslega, lögfræðilega, félags pólitíska afleiðingar við hugsanlega sameiningu. Stjórn félagsins mun kynna skýrsluna fyrir félagsmönnum á haustönn 2018 og láta hana vera grundvöll fyrir umræðu um málið á félagsfundum. Mikilvægt er að gefa félagsmönnum kost á að tjá sig um þetta málefni, skoða og ígrunda málið mjög vel á grundvelli haldgóðra upplýsinga áður en ákvörðun verður tekin.

Annað mál sem hefur vakið athygli stjórnarinnar er endurskoðun á vinnumatskerfinu. Í því samhengi er mikilvægt að halda til haga að samið var um vinnumatskerfið í kjarasamningum milli Félags háskólakennara og fjármálaráðherra á sínum tíma. Upprunalega var vinnumatskerfið hugsað sem hvatningarkerfi en þróun mála hafa gert vinnumatskerfið frekar að stjórnunartæki sem m.a. er notuð til að stýra launasetningu og rétt til rannsóknarleyfa. Þetta er þróun sem er óviðunandi og sem þarf að breyta þannig að vinnumatskerfið taki til annarra þátta en bara rannsóknna.

Að lokum er fráfarandi stjórnarmönnum þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins, sitjandi stjórnarmönnum og framkvæmdarstjóra er þakkað fyrir gott samstarf.”